



# AKUREYRI

## HLÍÐARFJALLSVEGUR 5

DEILISKIPULAG

**Skipulagslýsing**

Til kynningar í desember 2021



## Skipulagslýsing

Skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010





## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
1.1	Tildrög .....	1
1.2	Tilgangur og markmið .....	1
1.3	Matskylda .....	1
<b>2</b>	<b>Forsendur og samhengi skipulagsgerðar</b> .....	<b>2</b>
2.1	Skipulagssvæðið .....	2
2.2	Staðhættir og umhverfisaðstæður .....	2
2.3	Fornleifar .....	2
2.4	Náttúruvá .....	2
2.5	Náttúrufar og náttúruminjar .....	3
2.6	Staða skipulags .....	4
2.7	Tengsl við aðrar áætlanir .....	4
<b>3</b>	<b>Deiliskipulag</b> .....	<b>5</b>
<b>4</b>	<b>Umhverfismat</b> .....	<b>6</b>
4.1	Matsskylda áætlunarinnar .....	6
4.2	Mikilvægir umhverfispættir .....	6
4.3	Aðferðir við umhverfismat .....	6
4.4	Valkostir .....	7
4.5	Viðmið og vísar til grundvallar umhverfismati .....	7
<b>5</b>	<b>Skipulagsferlið</b> .....	<b>8</b>
5.1	Kynning og samráð .....	8
5.2	Umsagnaraðilar .....	8
5.3	Tímaáætlun verkefnis .....	8
	<b>Heimildir</b> .....	<b>10</b>



# Samþykktir

Skipulags- og matslýsing þessi var samþykkt í skipulagsráði Akureyrar  
þann \_\_\_\_\_ 20 \_\_\_\_

---



## 1 INNGANGUR

### 1.1 TILDRÖG

Skipulagsráð samþykkti á fundi sínum þann 15. september 2021 að hefja vinnu við gerð deiliskipulags sem nær til athafnasvæðis AT16 með það að markmiði að þar verði hægt að úthluta lóðum fyrir byggingu gagnavers.

### 1.2 TILGANGUR OG MARKMIÐ

Markmið deiliskipulagsins er að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu gagnavers og annarrar hreinlegrar og umhverfisvænnar atvinnustarfsemi á Akureyri. Einnig að skoðaðar verði umferðarleiðir og tengingar inn á svæðið. Uppbyggingin skal vera í sátt við aðliggjandi fólkvang og falla vel að umhverfinu.

### 1.3 MATSKYLDA

Deiliskipulagið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Áætlunin er skipulagsáætlun sem er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og verður tekin fyrir í bæjarstjórn Akureyrarbæjar.

## Hvað er skipulagslýsing

Í upphafi vinnu að skipulagi er tekin saman lýsing fyrir verkefnið þar sem *gerð er grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar* og hvernig fyrirhugað er að standa að skipulagsgerðinni. Lýsingin er þannig eins konar verkáætlun fyrir skipulagsgerðina.

Lýsingin er kynnt opinberlega og samtímis er leitað umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila.

Helsta markmið skipulagslýsingar er að *íbúar og aðrir hagsmunaaðilar*, þ.á.m. stjórnvöld, stofnanir og fagaðilar með sérþekkingu á hinum ýmsu sviðum, *fái tækifæri til að kynna sér áformin* strax í upphafi og geti þannig komið á framfæri *athugasemdum* og *ábendingum* um *nálgun* við áætlunargerðina, *viðfangsefni* hennar og *helstu forsendur*.



## 2 FORSENDUR OG SAMHENGI SKIPULAGSGERÐAR

### 2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið tekur til reits AT16 í gildandi aðalskipulagi. Svæðið er skilgreint sem athafnasvæði ætlað fyrir hreinlega umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Svæðið liggur sunnan Hlíðarfjallsvegar og er um 6,5 ha að stærð. Það afmarkast af óbyggðum svæðum og græna treflinum SL7 í gildandi aðalskipulagi.

### 2.2 STAÐHÆTTIR OG UMHVERFISAÐSTÆÐUR

Svæðið liggur í efri mörkum bæjarins, norðan og vestan Glerár en liggur talsvert hærra en áin. Landið er nokkuð flatt en hallar lítið eitt til austurs að bænum og einkennist af túnum, beitihólf og fyrra ræktarlandi. Nokkur skógrækt er á svæðum í næsta nágrenni.

Neðan við svæðið er vatnsveita á Rangárvöllum og Glerárvirkjun efri. Með svæðinu að sunnanverðu liggur aðveitulögn Glerárvirkjunar. Vestan við svæðið er aksturs- og skotæfingasvæði en þar eru einnig efnisnámur. Norðan við svæðið eru iðnaðar- og athafnasvæði. Þar er meðal annars tengivirkni á Rangárvöllum sem er á vegum Landsnets og Rarik. Til suðurs frá tengivirkni og vestan skipulagssvæðisins liggja tvær loftlínur, þ.e. Kröflulína 1 sem 132 kV og Laxárlína 1 sem er 66 kv. Til stendur að taka Laxárlínu niður með tilkomu nýs jarðstrengs Hólasandslínu 3 sem mun liggja um sama svæði.<sup>1</sup> Jarðstrengir Rarik og Norðurorku liggja jafnframt beggja vegna skipulagssvæðisins til suðurs.<sup>2,3</sup> Auk þeirra eru á svæðinu fjarskiptastrengir annarra veitufyrirtækja. Aðveitulagnir að vatnsgeymi austan svæðis liggja nyrst um svæðið.

Hlíðarfjallsvegur (837) liggur norður með svæðinu og að skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli. Vegurinn er tengivegur í umsjá Vegagerðarinnar.<sup>4</sup> Í aðalskipulagi

<sup>1</sup> Landsnet. Vefsja og Kerfisáætlun.

<sup>2</sup> Rarik. Vefsja.

<sup>3</sup> Norðurorka. Vefsja.

er vegurinn einnig flokkaður sem vegur í náttúru Íslands. Umhverfis svæðið liggja útivistar- og reiðstígar sem eru hluti af stígakerfi Akureyrarbæjar.

### 2.3 FORNLEIFAR

Fornleifaskráning hefur verið unnin fyrir Akureyrarbæ í tengslum við ýmis skipulags- og framkvæmdarverkefni. Fimm þeirra ná til skipulagssvæðisins og næsta nágrennis, þ.e.

- 1997: Fornleifaskráning í Eyjafirði VIII
- 1998: Fornleifaskráning í Eyjafirði X.
- 2007: Fornleifaskráning vegna ljósleiðara
- 2014: Fornleifakönnun í Glerárdal
- 2019: Fnjóskadalslína

Skv. þessum skráningum eru engar þekktar minjar innan skipulagssvæðisins, en samráð verður haft við Minjastofnun um þörf á fornleifaskráningu í tengslum við skipulagsverkefnið.

Finnist fornminjar sem geti verið í hættu verður tekið mið af þeim við gerð skipulagsins, í samráði við Minjastofnun Íslands.

### 2.4 NÁTTÚRUVÁ

Hættumat vegna ofanflóða var unnið fyrir Akureyri árið 2010 af Veðurstofu Íslands. Skv. matinu er ekki hætta á ofanflóðum á skipulagssvæðinu.<sup>5</sup> Hins vegar hafa vatnsflóð orðið í Glerá sem liggur við suðurjaðar skipulagssvæðisins.<sup>6</sup> Skipulagssvæðið stendur það hátt að ekki er líklegt að slík flóð geti haft áhrif innan þess.

Skipulagssvæðið stendur bæði hátt í landinu og langt frá sjó þannig að engin hætta er af völdum sjávarflóða á líftíma mannvirkja.

<sup>4</sup> Vegagerðin. Vegaskrá 2021.

<sup>5</sup> Ofanflóðahættumat fyrir Akureyrarbæ. 2010.

<sup>6</sup> Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.



Samkvæmt gildandi aðalskipulagi hafa skjálftasvæðum Íslands verið skipt í sex hönnunarhraðasvæði m.t.t. hættu á jarðskjálftum og að Akureyri sé sett í lægsta áhættuflokk.<sup>7</sup>


## 2.5 NÁTTÚRUFAR OG NÁTTÚRUMINJAR

Fólkvangurinn Glerárdalur sem var friðlýstur 6. júní 2016<sup>8</sup> liggur meðfram svæðinu að sunnanverðu. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana.

Innan skipulagssvæðisins er ekkert náttúrufríbærir sem fellur undir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013.<sup>9</sup>

Á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands má sjá að eftirfarandi vistgerðir eru að finna á skipulagssvæðinu: blómgresisvist, flagmóavist, starungsmýravist, stinnastaravist, snarrótarvist og língresis- og vingulsvist.

Í fuglatalningu 13. og 14. júní 2012<sup>10</sup> sáu eftirfarandi fuglar við mælipunkt 20, sem er innan skipulagssvæðisins: skógarpröstur, hettumáfur, heiðlóa, tjaldur og þúfutittlingur.



Mynd 1 Fólkvangur og skipulagssvæðið. Skjáskot af kortasjá NÍ.

<sup>7</sup> Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.

<sup>8</sup> Auglýsing um fólkvang í Glerárdal, Akureyrarkaupstað. 2016.

<sup>9</sup> Vefsíða NÍ: <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>10</sup> Fuglalíf á Glerárdal, Verkís 2012.



## 2.6 STAÐA SKIPULAGS

### Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eru í gildi á aðliggjandi svæðum:

- Akstursíprótta- og skotsvæði á Glerárdal, samþ. 1.7.2008
- Deiliskipulag Rangárvalla, samþ. 6.2.2007
- Deiliskipulag fyrir virkjun á Glerárdal, gildistaka 19.6.2014
- Athafna-, verslunar- og þjónustusvæði við Miðhúsabraut, Súluveg og Þingvallastræti, gildistaka 7.8.2013
- Breiðholt, hesthúshverfi, samþ. 29.7.2010

### Gildandi aðalskipulag


Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 var samþykkt 11. maí 2018 og tók gildi 14. maí sama ár. Skipulaginu hefur verið breytt fjórtán sinnum eftir gildistöku en engin þessara breytinga varðar skipulagssvæðið.

Í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið skilgreint sem athafnasvæði – AT16 og er ætlað er fyrir hreinlega umhverfisvæna atvinnustarfsemi. Svæðið er um 6,5 ha að stærð.

Norðan við svæðið eru athafnasvæði og iðnaðarsvæði með m.a. tengivirki og aðveitulögn vatnsveitu. Vestan svæðisins er Ípróttasvæði/aksturs- og skotæfingasvæði – Íþ9 en austan þess er skógræktar- og landgræðslusvæði/ græni trefillinn - SL7 auk iðnaðar- og athafnasvæða litlu fjær. Að öðru leyti eru aðliggjandi svæði skilgreind sem óbyggð svæði í gildandi aðalskipulagi. Um þessi svæði liggja veitur og stígar en gerð er grein fyrir þeim í kafla 2.2 hér að framan.

Sunnan við skipulagssvæðið er fólkvangurinn Glerárdalur.

Fyrirhugað deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.



Mynd 2 Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030, hluti þéttbýlisuppráttar.

## 2.7 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029.

Glerárdalur, Akureyrarkaupstað. Stjórnunar- og verndaráætlun 2018-2027.





### 3 DEILISKIPULAG

Í deiliskipulaginu verða teknar ákvarðanir og settir skilmálar um uppbyggingu á athafnasvæði AT16. Afmarkaðar verða lóðir fyrir gagnaver og aðra hreinlega og umhverfisvæna atvinnustarfsemi.

Áætluð skipulagsmörk má sjá á mynd hér til hliðar. Tenging svæðisins við Hlíðarfjallsveg verður skilgreind. Lóðir og byggingarreitir verða skilgreindir og gatna- og stígakerfi mótað. Settir verða skilmálar um umfang mannvirkja, samgöngukerfi, fyrirkomulag veitna, landmótun og frágang. Tekið verður mið af helgunarsvæðum veitna við útfærslu skipulagsins. Gerð verður grein fyrir orkuöflun.

Í skipulaginu verða sett ákvæði um að fella mannvirki sem best að landslagi og um lýsingu á svæðinu. Sérstök áhersla verður lögð á samspil svæðisins við aðliggjandi svæði s.s. fólkvang og græna trefilinn. Lögð verður áhersla á að uppbyggingin skerði ekki gæði þessara svæða.



Mynd 3 Fyrirhugað skipulagssvæði, afmarkað með rauðri brotalínu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



## 4 UMhverfismat

### 4.1 MATSSKYLDA ÁÆTLUNARINNAR

Deiliskipulag fyrir athafnasvæðið fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Deiliskipulagið verður unnið samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og verður tekið fyrir í bæjarstjórn. Áhrif deiliskipulagsins á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum verða metin samhliða gerð skipulagsins og mið tekið af niðurstöðum matsins við útfærslu þess. Umhverfismatsskýrsla verður hluti af greinargerð skipulagsins.

### Hvað er umhverfismat áætlana

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og *nýta niðurstöður* matsins til að *draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum* þeirra.

Umhverfismat ber að vinna sem *hluta af skipulagsáætlunum* sveitarfélaga (svæðisskipulags, *aðalskipulags* og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.

Ákvæði um umhverfismat áætlana er að finna í sérstökum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana og í 12. gr. skipulagslaga.

### 4.2 MIKILVÆGIR UMhverfispættir

Áhrifapættir eru þeir hlutar stefnunnar eða framkvæmdarinnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfispættir eru þeir þættir sem framkvæmdin eða stefnan getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif og hámarka þau jákvæðu.

<sup>11</sup> Matspættir taka mið af megin viðfangsefnum deiliskipulagsins.

Í eftirfarandi töflu er vinsun umhverfispáttá, þ.e. megin matspættir<sup>11</sup> og umhverfispættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu deiliskipulagsins. Val umhverfispáttá byggir á fyrirbyggjandi upplýsingum í ferlinu.

*Tafla 4.1 Matspættir og umhverfispættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum vegna deiliskipulags athafnasvæðisins.*

Matspáttur	Umhverfispættir <sup>12</sup>	Skýringar
Náttúrufarslegir þættir	Jarðvegur, vatn, vatnalíf, dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni og loftslag	Vegna rasks á landi og áhrifa á jarðveg og gróið land vegna graftrar. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna losunar jarðvegs.
Menningararfur og landslag	Landslag og menningarminjar	Möguleg áhrif á óþekktar fornleifar. Breytingar á ásýnd lands.
Hagrænir þættir og innviðir	Íbúar, efnisleg verðmæti og næmni fyrir hættu á náttúruhamförum, afhending orku.	Fjölgun atvinnutækifæra. Áhrif á afhendingaröryggi orku á svæðinu og uppbyggingu innviða.
Heilsa og öryggi	Heilbrigði manna, hljóðvist og loftgæði	Áhrif á upplifun lands og útivist. Hljóðvist í nálægri byggð.

### 4.3 AÐFERÐIR VIÐ UMhverfismat

Við umhverfismat er stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem aflað hefur verið við undirbúning framkvæmdarinnar. Þá verður einnig leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir þekkingu á staðháttum, gerist þess þörf.

Unnin er umhverfismatsskýrsla samhliða deiliskipulagsgerðinni, þar sem greint er frá mögulegum umhverfisáhrifum af framkvæmdinni og útfærslu hennar í deiliskipulagi. Framsetning umhverfismats er í formi matstafla

<sup>12</sup> Umhverfispættir sbr. 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



og/eða texta. Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfismatsskýrslu til lögbundinnar kynningar.

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsbreytingarinnar. Vægiseinkunnin byggir á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar<sup>13</sup> og stuðst er við sex vægiseinkunnir við matið sbr. töflu hér til hliðar.

Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort uppbygging skv. útfærslu í skipulagi eða aðrir valkostir styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér. Skilgreindar eru matsspurningar til að greina hvort stefnan í deiliskipulagi styður eða vinnur gegn umhverfisviðmiðunum.

#### 4.4 VALKOSTIR

Settir eru fram tveir valkostir í umhverfismatinu. Annars vegar uppbygging hreinlegrar og umhverfisvænnar atvinnustarfsemi og hins vegar að ekki verði af uppbyggingu á svæðinu.

#### 4.5 VIÐMIÐ OG VÍÐAR TIL GRUNDVALLAR UMhverfismati

Umhverfisviðmiðum er ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Miðað verður við viðeigandi vísa og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreindir eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisviðmiðin eru í grunnin byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð. Einnig er byggt á Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og öðrum áætlunum á landsvísu, auk markmiða viðeigandi laga.

Tafla 4.2 Vægiseinkunn fyrir umhverfismat áætlunar.

Vægiseinkunn	Skýringar
++	<b>Veruleg jákvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu.
+	<b>Jákvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið.
0	<b>Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið.
-	<b>Neikvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið.
--	<b>Veruleg neikvæð áhrif.</b> Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu.
?	<b>Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar.</b> Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði.

<sup>13</sup> Skipulagsstofnun. 2007.



## 5 SKIPULAGSFERLIÐ

### 5.1 KYNNING OG SAMRÁÐ

#### Kynning skipulagslýsingar

Kynning lýsingarinnar er í samræmi við gr. 5.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Lýsinguna er hægt að nálgast á vef Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is). Hún er jafnframt auglýst í svæðismiðlinum Dagskránni. Samhliða þessu er lýsingin send til umsagnar Skipulagsstofnunar og þeirra aðila sem tilgreindir eru í kafla 5.2 *Umsagnaraðilar*. Bæjarstjórn ber ekki skylda til að svara, með formlegum hætti, athugasemdum sem kunna að berast vegna lýsingarinnar, skv. 5.2.4. í skipulagsreglugerð.

#### Kynning tillögu að deiliskipulagi

Unnin eru drög að deiliskipulagi og umhverfismatsskýrslu í samræmi við skipulagslýsinguna og áður en deiliskipulagstillagan er tekin til afgreiðslu í bæjarstjórn, eru drög að skipulagstillögu kynnt í samræmi við 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Kynningin er auglýst í svæðisbundnum fréttamiðli og á vef Akureyrarbæjar.

Að lokinni kynningu á vinnslustigi er deiliskipulagstillagan tekin fyrir og afgreidd í bæjarstjórn. Í framhaldinu er tillagan auglýst, með 6 vikna athugasemdafresti, í svæðismiðlinum Dagskránni. Skipulagstillagan mun liggja frammi á skrifstofu Akureyrarbæjar og jafnframt verða aðgengileg á vef bæjarins. Þegar frestur til athugasemda er liðinn fjallar bæjarstjórn um tillöguna á ný og tekur afstöðu til þeirra athugasemda sem hafa borist. Í framhaldinu afgreiðir bæjarstjórn deiliskipulagið og sendir það, ásamt samantekt á málsmeðferð, til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Samþykkt deiliskipulag verður að lokum auglýst í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við skipulagslög og tekur þar með gildi.

### 5.2 UMSAGNARAÐILAR

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Skipulagslýsingin verður send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet
- Rarik
- Norðurorka
- Viðeigandi svið Akureyrarbæjar

Við vinnslu deiliskipulagsins verður að auki leitað til samtaka, stofnana, fagaðila og einstaklinga eftir því sem viðfangsefnið gefur tilefni til.

### 5.3 TÍMAÁÆTLUN VERKEFNIS

Tímaáætlun miðast við að lýsing skipulagsverkefnisins verði auglýst í desember 2021. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið taki gildi vorið 2022.



Tafla 5.1 Tímaáætlun

Verkþáttur\Tími	Tímaáætlun
Skipulagslýsing lögð fyrir skipulagsráð	Nóvember 2021
Skipulagslýsing send til Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila til umsagnar. Jafnframt auglýst og kynnt almenningi, með þriggja vikna fresti til að skila inn athugasemdum	Desember 2021
Drög að deiliskipulagi á vinnslustigi kynnt almenningi	Janúar 2022
Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir í bæjarstjórn	Mars 2022
Tillaga að deiliskipulagi auglýst skv. lögum með sex vikna athugasemdafresti	Mars - apríl 2022
Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir í bæjarstjórn	Apríl - maí 2022
Samþykkt deiliskipulag og afgreiðsla bæjarstjórnar send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar	Maí 2022
Samþykkt bæjarstjórnar á nýju deiliskipulagi og auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda	Maí 2022

## HEIMILDIR

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Arnór Þórir Sigfússon. 2012. *Fuglalíf á Glerárdal*. Verkís.

Eiríkur Gíslason, Tómas Jóhannesson, Halldór G. Pétursson. 2010. *Ofanflóðahættumat fyrir Akureyrarbæ. Greinargerð með hættumatskorti*. Veðurstofa Íslands

Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029. Sótt í nóvember 2021 á <https://www.landsnet.is>

Náttúrufræðistofnun Íslands, vefsjá. Gögn sótt í nóvember 2021 á <https://serstokvernd.ni.is/>

Norðurorka, vefsjá. Gögn sótt í nóvember 2021 á <https://www.map.is/no/>

Rarik, vefsjá. Gögn sótt í nóvember 2021 á <https://www.rarik.is>

Skipulagsstofnun. 2007. *Leiðbeiningar um umhverfismat áætlaða*. Sótt í nóvember 2021 á <https://www.skipulag.is/>

Umhverfisstofnun. 2016. Auglýsing um fólkvang í Glerárdal, Akureyrarkaupstað.

Vegagerðin, vegaskrá. Gögn sótt í nóvember 2021 á <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>